Fundur 28.9.2026 Haraldur Noregskonungur.

Góða kvöldið, heilsa ég ykkur úr stjörnusambandsstöð.

Góða kvöldið.

Er ég hér í fyrsta skipti að tala til ykkar og margt hefur gerst í mínu lífi þá stuttu stund sem ég hef verið hér á nýjum hnetti og trúði ég varla mínum eigin augum og eyrum og skilningarvitum þegar ég framkom á þessum hnetti og segja má að Íslendingar okkar forna grannþjóð og vinaþjóð og hafi orðið mín uppáhalds þjóð er ég hingað kom endurlíkamnaður, vegna þess að ekki hefði mig grunað að hin mestu sannindi fundið hafi einstaklingur af okkar ætterni.

Og hefur það verið mér sífellt undrunarefni á hverjum einasta degi hvernig þetta getur átt sér stað og undrunarefni yfir því að líkaminn skuli eflast og styrkjast með þessum hætti og ellihrumleiki skuli fara í burtu og er ég nú orðinn útlítandi eins og þegar ég var ungur maður og styrkur og afl í samræmi við það og er það mikið gleðiefni.

Og var ég hér magnaður til að tala til ykkar og hef ég verið upptekinn við það að halda aðrar ræður síðan ég kom hér fram og undrunin er mikil og allt sem ég hafði lært um trúarbrögðin bliknar í samanburði við þennan veruleika og þessi vísindi sem hér eru til grundvallar, en hafði ég þó reynt að lifa og haga lífi mínu í samræmi við þær reglur og siðaboðskap sem ég hafði tamið mér í kristinni trú og hafði ég von um að gæti kannski ræst sem kirkjan kennir og boðar og segja má að það hafi ræst á sinn hátt, en spurningarnar eru margar.

En hér eru kapellur og kirkjur á þessum hnetti, en einnig aðrir trúarhópar sem veita ekki síður góð svör og var mér bent á það að ætt okkar og hér liggja krossgötur til annarra hnatta og voru mér sýndar myndir, það sem verða mun og það sem gæti orðið og það sem varð.

Og sá ég fortíðina í nýju ljósi og þá sjálfstæðisviðleitni sem þið hafið sýnt og það sjálfstæði sem við fengum á sínum tíma og sjálfstæðisbárattu þjóðanna og samvinnu þeirra aftur á móti og var mér sýnt enn aftar í söguna og ætíð mat ég mikils söguþjóðina sem þið eruð, en var mér sýnt alveg aftur til víkingaaldarinnar og hins heiðna tíma þegar frelsi var meira og sjálfstæði.

Og var mér sýnt hvernig ógnirnar steðja að í nútímanum og Norðurlöndin þurfa einn sameiginlegan leiðtoga þegar á móti blæs í þeim raunum sem framundan eru.

Og hef ég hér farið í gönguferðir og gengið á fjöll og hefur það verið endurnærandi og hressandi, hef ég ekki, skip eru hér stór og smá og hef ég margt af þeim að segja og er hver einasti dagur ævintýri líkastur uppfullur af verkefnum, en hef ég ekki gengið inn í skyldur fjölskyldunnar enn þá, en er ég aðeins að læra og setja mig inn í allt það sem í boði er og það sem þessi hnöttur hefur upp á að bjóða.

Ekki ert þú Haraldur ?

Haraldur já, konungur, Noregskonungur.

Vertu velkominn.

Já þakka ykkur fyrir, ég vildi hér í kvöld tala um það sem verða mun og gæti orðið, en ég finn að ég er ekki nógu öflugur til þess, hef ég hlustað á ræður annara um það.

Og hef ég mikið sótt í það að sinna mínum áhugamálum, hvort sem það er að ganga úti eða vera á bátum og stórkostlegt hefur verið að fylgjast með og er hér ný tækni sem gerir mér kleift að skilja betur mannkynssöguna og skilja betur atburði fortíðarinnar og það sem kallað er krossgötur á mannsævinni og krossgötur á þjóðar ævinni.

Og er okkur hér kennt hvernig Norðurlöndin megi styrkjast og eflast og öðlast meira sjálstæði og hefur það verið sérlega spennandi fyrir mig að hlusta á erindi mörg í þessum stjörnusambands-stöðvum um það hvernig Norðmenn og aðrar þjóðir hafa dreyfst um geimdjúpið og gengið misjafnlega vel á framlífs hnöttunum.

Oft varð mér það á fyrstu dagana að spyrja eins og barn, hvar Guð væri í þessu öllu og var stundum hlegið og oft fékk ég skynsamleg svör, en er það nú svo að öll erum við sem börn frammi fyrir Drottni þegar við endurfæðumst og verðum svo fullorðin og þroskuð að nýju og endurmetum stöðu okkar og hæfileika og fetum okkur í nýrri tilveru.

Get ég nú ekki talað meira að sinni en sendi ég Íslensku þjóðinni og ykkur bestu þakkir og kærleiks kveðjur er ég heimsótti landið og já næ ekki að hafa þetta lengra, verið þið sæl og þakka ég fyrir.

Vertu sæll og vertu velkominn aftur.

Já takk fyrir takk fyrir.